

Truenorth Nordic ehf.  
Fiskislóð 31a  
101 Reykjavík

Reykjavík, 3. febrúar 2022  
UST202201-240/Þ.V.B.  
09.06.01

### **Efni: Umsókn um leyfi til kvikmyndatöku - Mývatn**

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Truenorth Nordic ehf., dagsett 24. janúar 2022, um leyfi til kvikmyndatöku innan verndarsvæðisins við Mývatn og Laxá.

Mývatn og Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu eru vernduð með lögum nr. 97/2004. Markmið laganna er að varðveita líffræðilega fjölbreytni, jarðmyndanir og landslag svæðisins. Í 25. gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu segir að til að stunda athuganir, vöktun eða rannsóknir á náttúru verndarsvæðisins, svo sem sýnatöku vegna rannsókna, söfnun náttúrugripa, fuglaljósmyndun úr felutjöldum, kvikmyndatöku, fuglamerkingar, svo og aðrar hliðstæðar athuganir, skal afla leyfis Umhverfisstofnunar.

#### ***Lýsing verkefnis:***

Sótt er um leyfi til kvikmyndatöku á Mývatni. Tvær staðsetningar koma til greina og fer það eftir aðstæðum á tókutímabilinu hvor staðurinn verður fyrir valinu. Kort sem sýnir staðsetningu fyrirhugaðra tókustaða og aðkomuleiðir fylgdi með umsókn. Keyra þarf með búnað út á íslagt vatnið á tókustaðinn auk þess sem vélsleðar verða notaðir til að knýja vindvélar. Reykvélar verða rafstýrðar. Ekki verður sett upp leikmynd en við tókurnar verður mögulega notast við gertifsnjó sem er ekki skaðlegur umhverfinu. Með umsókn fylgdu efnafræðilegar upplýsingar um gertifsnjóinn. Við tókurnar verður notast við 5 sleðahunda. Loftmyndatökur fara fram með dróna eða þyrllu og verður reglum um flughæð fylgt. Áætlað er að tókurnar taki 2 daga á tímabilinu 7.-11. febrúar 2022 auk þess sem gert er ráð fyrir æfingardögum innan tímabilsins. Að tókunum koma 80 manns og verður basecamp staðsett á túni í nágrenninu.

#### ***Umsagnir:***

Í samræmi við 25. gr. reglugerðar um verndun Mývatns og Laxár óskaði Umhverfisstofnun umsagnar Náttúruvannsóknarstöðvarinnar við Mývatn og Náttúrufræðistofnunar Íslands þann 31. janúar 2022 vegna verkefnisins. Umsögn Náttúruvannsóknarstöðvarinnar við Mývatn barst þann 1. febrúar 2022. Í umsögninni kemur fram að rannsóknarstöðin geri ekki athugasemdir við umsóknina. Ekkert fuglalíf er þarna á þessum árstíma og svæðið mjög aðgengilegt. Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands barst þann 3. febrúar 2022. Í umsögninni kemur fram að stofnunin og leggst ekki gegn því að leyfið sé veitt. Vegna vetrarveðurs eru aðstæður fremur heppilegar þar sem ólíklegt er að kvikmyndatakan valdi truflun á fuglalífi. Þar sem stefnt er að tókum úti á ísilögðu vatni er ólíklegt að fuglar verði á staðnum í neinum mæli en þar sem tókutíminn er fjórir dagar er mikilvægt að fylgst sé með því og ekki farið í tókur með tilheyrandi hávaðamengun nálægt vökum þar sem fuglar gætu mögulega haldið sig.

Afar mikilvægt er að haldið sé mjög vel utan um mengunarvarnir. Stefnt er að notkun ýmissa efna sem eiga að vera náttúruleg og ekki að safnast fyrir í umhverfinu heldur leysast upp. Náttúrufræðistofnun býr ekki yfir sérfræðiþekkingu til að meta þessi efni sem notuð eru en treystir því að Umhverfisstofnun rýni þau gaumgæfilega og veiti ekki leyfi fyrir notkun efna sem gætu verið skaðleg.

### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur verkefni ólíklegt til að hafa veruleg, varanleg áhrif á hið verndaða svæði sé farið eftir skilyrðum leyfisins. Um er að ræða mikilvægt lífríkissvæði en sé varúðar gætt er ekki talið að verkefnið hafi áhrif á lífríki svæðisins. Tímabundin áhrif geta orðið á ásýnd svæðisins meðan á verkefninu stendur.

### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Truenorth Nordic ehf fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndatöku innan verndarsvæðisins við Mývatn og Laxá sbr. lýsingu hér að ofan á tímabilinu 7-11. febrúar 2022 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vega skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Koma skal fyrir merkingum á tókustað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Til að koma í veg fyrir að kvikmyndin hvetji til utan vega aksturs þá er óheimilt að sýna ökutæki aka utan vegar.
- Einungis skal aka þeim tækjum sem þurfa að keyra á ísnum að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis.
- Takmarka skal fjölda þungra tækja á ísnum hverju sinni.
- Mikilvægt er að öryggismörk burðarþols íss séu vítt skilgreind til þess að lágmarka möguleika á mengunarslysi vegna tækja sem kynnu að falla niður um ísinn.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins og íbúum tillitssemi og tryggja að tókurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.

- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum eða fuglum.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ekki skal skilja eftir hluta loftfarsins á svæðinu heldur finna og endurheimta loftfarið og alla hluta þess ef það brotlendir eða bilar.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands. Til dæmis ef ís brestur undan tækjum á ísnum getur eftirlitsmaður Umhverfisstofnunar afturkallað leyfið á staðnum.

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Umhverfisstofnun bendir á að dróna sem notaðir eru í atvinnuskyni þarf að skrá sérstaklega hjá Samgöngustofu.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

***Eftirlit:***

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Ragnheiður Björk Sigurðardóttir  
sérfræðingur

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir  
sérfræðingur